

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 11 - 2020

*Staður:* TEAMS

*Tími:* Miðvikudagur 16. desember 2020

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ágústa Rut Haraldsdóttir, Guðveig Lind Eyglóardóttir (ritar), Halldór Þorgeirsson, Hrönn Jörundsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson og Jón Kristófer Arnarson.

Gestir fundar: Daði Már Kristófersson nýr aðstoðarrekter kynnti sig og sat fundinn og Kristín Theodóra Ragnarsdóttir tók þátt undir lið 2.

## 1. Reykir

Umræða um garðyrkjunám á Reykjum. Lögð fram sérálit skólans og hagaðila.

Rektor upplýsir háskólaráð um tillögu menntamálaráðherra að færa starfsmenntanám skólans á Reykjum undir FSU. Ráðuneytið stefnir að því að móta þríliða samning á milli LBHI, FSU og ráðuneytisins.

Háskólaráð leggur áherslu á að breytingin hafi ekki áhrif á nemendur skólans og að aðkoma starfsmanna að breytingaferlinu sé tryggð og að unnið verði eins hratt og örugglega að breytingunum eins og kostur er. Þá leggur háskólaráð áherslu á mikilvægi þess að upplýsingar um skipulagsbreytingarnar liggi fyrir sem fyrst og að kynning á fyrirhuguðum breytingum verði kynntar öllum hagsmunaaðilum.

Háskólaráð felur rektor að vera í sambandi við ráðuneytið til að fá frekari upplýsingar svo unnt sé að upplýsa starfsmenn skólans um fyrirhugaðar breytingar með formlegum hætti.

Þríliða samingur mun tryggja að áfram verði samstarf og stuðningur við rannsóknir og nýsköpun til framtíðar.

## 2. Fjárlagafrumvarp

Rekstrarstjóri kynnir stöðu fjármála fyrir 2021. Háskólaráð hlýddi á rekstrarstjóra fara yfir fjárhagsáætlun 2021. Ljóst er að endanleg áætlun liggur ekki fyrir fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd. Einnig á eftir að taka tillit til framlaga vegna nemendafjölda og fleiri þátta. Háskólaráði verður kynnt endanleg áætlun eftir að fjárlög liggja fyrir.

Háskólaráð fagnar áhuga og vilja stjórnvalda á því að efla starfsemi LBHI enn frekar.

## 3. Persónuverndarstefna

Framhald frá síðasta fundi - Uppfærð drög frá persónuverndarfulltrúa

Háskólaráð samþykkti að fresta afgreiðslu málsins fram á næsta fund sem fyrirhugaður er í janúar 2020.

## 4. Reglur um framhaldsnám

Reglur lagðar fram á síðasta fundi til umræðu og afgreiðslu



Háskólaráð fór yfir og samþykkti framlagðar tillögur framhaldsnámsnefndar um reglur um meistaranám við Landbúnaðarháskóla Íslands. Einnig voru samþykktar reglur um viðbótarnám á meistarastigi (diplómanám) í Endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu við Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir nemendur Landgræðsluskóla GRÓ.

## 5. Starfsáætlun

Uppfærð drög frá síðasta fundi

Háskólaráð samþykkir framlagða starfsáætlun sem hefur verið uppfærð frá síðasta fundi.

## 6. Fyrirspurnir

- a. Fyrirspurn frá Skipulagi og hönnun vegna Yndisgróðurs

Háskólaráð telur mikilvægt að leitað verði leiða til að finna verkefninu fjármögnun og farveg byggt á fyrirliggjandi þekkingu og gögnum og með vísan til umsagnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í mars 2020 um að næsti áfangi feli í sér aukið nýnæmi.

- b. Fyrirspurn frá Circular vegna kennslu hringrásarhagkerfi

Háskólaráð þakkar erindið og leggur áherslu á mikilvægi þessa verkefnis sem lítur að nýtingu hráefna og þess að fyrirbyggja sóun á sem skilvirkastan hátt. Háskólaráð felur rektor að beina verkefninu áfram til deildarforseta LBHI.

## 7. Mál til fróðleiks og næsti fundur

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. janúar 12:30.

